

Nd.

566. Frumvarp til laga

[175. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. maí.)

1. gr.

Annar og fimmti töluliður 37. gr. orðist þannig:

2. í læknaeild 10,

5. í verkfræðideild 5.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 38. gr. orðist þannig:

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflæknis- og handlæknisdeildum Landsspítalans, prófessorinn í geð- og taugasjúkdómafræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, unz komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal mannelisrannsóknir í samráði við mannelisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennari í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.